


# Uppbygging

## Dagskrá uppbyggingarstefnunnar í janúar

### Y spjald og T spjald



**Y-spjöld** eru notuð til að skilgreina **jákvæð hugtök og gildi** en **T-spjöld** eru notuð bæði við skilgreiningar á **neikvæðum hugtökum og til að finna andstæð hugtök**.

**Y-spjöldin** eru notuð til að færa í orð það sem við sjáum, heyrum og finnum þegar við erum að horfa á jákvæða hegðun. Til dæmis "góður bekkjarbragur" eða "frímínútur". Hvað sjáum við/heyrum við/finnum við þegar okkur líður vel inn í bekknum? Hvað sjáum við/heyrum við/finnum við þegar vel gengur í frímínútum?

**T-spjöldin** eru notuð þegar við viljum skoða muninn á neikvæðum hlutum eða bera saman andstæða hluti. Til dæmis "góðlátlegt grín" eða "skemmdarverk". Hver er munurinn á góðlátlegu gríni og illkvitni? Getum við skipt skemmdarverkem í tvo hópa a) óásættanlegt, b) minni brot?

Það er hægt að finna mikið af efni um uppeldi til ábyrgðar á vefnum. Hér eru slóðir sem hægt er að kíkja á:

**Heimasíða:** <https://uppbygging.is/>

### Bækur:

<https://sites.google.com/gbrskoli.is/ahersluralftanesskola/%C3%ADtarefni/b%C3%A6kur-uppeldi-til-%C3%A1byrg%C3%B0ar?authuser=1>

**Myndbönd:** <https://sites.google.com/gbrskoli.is/ahersluralftanesskola/%C3%ADtarefni/myndb%C3%B6nd-uppeldi-til-%C3%A1byrg%C3%B0ar?authuser=1>

**Youtube:** <https://www.youtube.com/@fanneyogelinuppbygging1545>

### Bekkjarfundir

Höldum áfram að vera dugleg að halda bekkjarfundum.

**Meginmarkmið bekkjarfunda** er að skapa öruggara andrúmsloft meðal nemenda, þar sem traust og samvinna ríkir meðal þeirra sem taka þátt í fundinum.

Ákjósanlegt er að umsjónarkennari haldi einn bekkjarfundum í viku, a.m.k. einn í mánuði. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar geta alltaf gripið til bekkjarfunda.

Inn á sameigninni undir Gæði er mappa sem heitir Bekkurinn minn, þar er að finna nokkuð af efni um bekkjarfundum. Einnig er ýmislegt undir möppunni Uppbygging.

- Muna eftir fundarreglum
- Skapa öryggi og traust
- Alltaf að vera með ákveðið fundarefni.

### Gott að hafa í huga!

Á bekkjarfundum sitjum við í hring og það er mikilvægt að íhuga hvar nemendur sitja í hringnum.